

17/08/2021

Upplýsingar um heimavist og mótuneyti Verkmenntaskóla Austurlands

Heimavistin að Nesgötu 40 verður opnuð nemendum **sunnudaginn 22. ágúst 2020 kl. 16:00.**

- **16:00 – 17:00** Undirritun húsaleigusamninga og afhending herbergja/lykla
- **17:00** Fundur í matsal með skólameistara, umsjónarmanni heimavistar, húsverði og matráði
- **18:00** Léttur kvöldverður

*** Foreldrar/forráðamenn skulu mæta með nemendum yngri en 18 ára og undirrita með þeim húsaleigusamning.**

Hér má sjá ýmsar gagnlegar upplýsingar um heimavistina!

Leiga á haustönn 2021:

- Leiga* pr. einstakling í tveggja manna herbergi - verð pr. mánuð: • 16.000.-
- Leiga* pr. einstakling í eins manns herbergi - verð pr. mánuð: • 22.000.-
- Tryggingargjald - verð fyrir skólaárið (endurgreitt ef við á í lok annar/árs) • 10.000.-

* Ath. rukkuð er leiga fyrir 4 mánuði á önn

Á heimavistinni eru eldhúskrókar til afnota fyrir nemendur. Í þeim eru öll nauðsynleg tæki s.s. ísskápur, örbylgjuofn, brauðrist o.fl. Góð umgengni er forsenda þess að sambýli um eldhúskróka gangi vel.

Nemendur hafi með sér:

- Sæng og kodda
- Lín til einkaafnota, s.s. rúmföt og handklæði
- Leirtau til eigin afnota í eldhúskrókum en þar sér hver um sitt

Nemendur fá almennar hreinlætisvörur, s.s. salernispappír og handsápu á heimavistinni.

Mötuneyti:

- Kostnaður fyrir fimm daga fæði á haustönn er kr. 220.600.- innifalið í því er morgunverður 5 daga vikunnar og hádegis- og kvöldmat (kvöldmáltíð á föstudagskvöldum er ekki innifalin þar sem mótuneytið er lokað um helgar).
- Gjaldið er innheimt í 4 greiðslum – [sjá hér nánari upplýsingar](#) um gjalddaga o.fl.
- Stofnuð verður krafa í heimabanka nemenda eldri en 18 ára og hjá forráðamönnum nemenda yngri en 18 ára.

[Matseðil má nálgast á heimasíðu skólans](#) og einnig á [Facebook síðu Matfélagsins](#).

[Hér má lesa nánar](#) um kostnað við heimavist og mótuneyti ásamt upplýsingum um jöfnunarstyrk og húsaleigubætur.

Við erum með sameiginlegan hóp á Facebook þar sem einungis eru vistarbúar, forráðafólk og starfsfólk sem tengist heimavist eða vistarbúum. Hópurinn heitir Heimavist VA. Þar getið þið óskað eftir aðgangi. Gjarnan virkar best að koma upplýsingum til allra með því að setja þær í þennan hóp.

[Hér má finna heimavistarreglur](#) og eruð þið beðin um að kynna ykkur þær vel áður en dvöl hefst. Við viljum að öllum líði vel á vistinni, þetta er ykkar heimili, þar eiga allir skjól.

Verið velkomin á heimavistina!

Hafliði Hinriksson
skólameistari
GSM: 869 2721

Björgúlfur Halldórsson
húsvörður
GSM: 895 0166